

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

80. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 11. febrúar 2021. Fundurinn var fjarfundur og hófst hann kl. 10:00.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal, Guðbjörg Sigurjónsdóttir og Oddur Jakobsson. Af hálfu SNS mættu Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Oddur Jakobsson og Harpa Ólafsdóttir fóru af fundi klukkan 11:00.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Erindi Garðabæjar, Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðarbæjar vegna bókuar 4 (2020) - Röðun í starfsheitið tónlistarskólakennari III vegna burtfararprófs. – Málsnr. 2102033SA**

Erindi Garðabæjar, Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðarbæjar hljóðar svo:

*„Óskað er eftir að tekin verði afstaða til túlkunar á bókun 4 í nýjum kjarasamningi FT og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem komið hefur í ljós að túlkun samningsaðila er með mismunandi hætti.*

*Bókun 4 - Röðun í starfsheitið tónlistarskólakennari III vegna burtfararprófs.*

*Í bókun 4 er fjallað um forsendu þess að tilgreind menntun teljist samsvara burtfararprófi frá viðurkenndum tónlistarskóla skv. skýringarákvæði við grein 1.3.1 um röðun í starfsheiti. Forsenda röðunar vegna burtfararprófs í starfsheitið tónlistarskólakennari III er að sú menntun sem er á bakvið burtfararpróf inniberi að minnsta kosti eins árs nám umfram framhaldspróf sem staðfest er með vitnisburðarblaði frá viðkomandi tónlistarskóla og þá er skilyrt að náminu hafi verið lokið fyrir 1. desember 2018. Með þessu hefur jafnstaða félagsmanna FT og FÍH verið tryggð hvað varðar röðun vegna burtfararprófs.*

*Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum í tónlistarskólum þá hefur FT kynnt bókunina þannig að breyttar forsendur séu nú fyrir því að raðast í starfsheitið tónlistarskólakennari III (TK-3) og gera eigi breytingar á menntunarmati. Að sögn skólastjórnenda þá var þetta kynnt með þeim hætti að hálfu FT að Framhaldspróf sé*

*samsvarandi 7. stigi í gamla stigsprófakerfinu (þar sem 8. stig var hæsta stigið) og í kynningunum þá telst kennari vera í launaflokki 127 ári eftir að hann lýkur 7. stigi að viðbættu einu ári. Hafi hann til dæmis farið í píanókennaradeild að þessu loknu, sem var 3 ár, þá telst hvert ár eins og framhaldsnám eftir BA próf. Kennari sem var í launaflokki 127 skv. gamla kjarasamningnum með píanókennarapróf gæti þá endað í launaflokki 133 skv. nýja hafi hann menntun eins og tilgreind er hér að framan.*

Skilningur sveitarfélaga er ekki með þessum hætti enda telja þau bókunina ekki fela í sér að endurreiða eigi kennurum með lokapróf í nýja launaflokka. Í raun má ekki af henni skilja að gera þurfi breytingar aðrar en á þeim kennurum sem hafa framhaldspróf og mögulega lokið árs viðbótarnámi.“

#### **Niðurstaða:**

Ekki náðist samstaða um málið.

SNS vill bóka eftirfarandi:

Bókun 4 vegna röðunar í starfsheiti vegna burtfararprófs í samningi aðila hljóðar svo:

#### **„BÓKUN 4 [2020] Röðun í starfsheiti vegna burtfararprófs**

Forsenda þess að tilgreind menntun teljist samsvara burtfararprófi skv. skýringarákvæði við grein 1.3.1 frá viðurkenndum tónlistarskóla er að sú menntun inniberi að minnsta kosti eins árs nám umfram framhaldspróf sem staðfest er með vitnisburðarblaði.

Samstarfsnefnd getur að fenginni ósk tónlistarskólakennara ákveðið að raða kennara í starfsheitið tónlistarskólakennari III á grundvelli skýringarákvæða við grein 1.3.1 enda hafi því námi sem óskin grundvallast á verið lokið fyrir 1. desember 2018.

Leiki vafi um slíkar forsendur getur hvor aðili óskað eftir álit/mati fagaðila sem samningsaðilar eru ásáttir um.

Með fagaðila er átt við: Menntamálaráðuneyti, Menntamálastofnun, Tónlistardeild Listaháskóla Íslands og Prófanefnd tónlistarskóla.“

SNS tekur undir þann skilning sveitarfélaganna þriggja að bókun 4 feli ekki í sér breytingar sem feli í sér endurröðun þeirra kennara sem við undirritun gildandi kjarasamnings raðast í starfsheitið Tónlistarskólakennari III.

Bókunin nær eingöngu til endurröðunar þeirra félagsmanna FT í starfsheiti sem raðast við undirritun kjarasamnings í starfsheitið Tónlistarskólakennari II en luku burtfararprófi fyrir 1. desember 2018 sem felur í sér að auk framhaldsprófs hafi þeir lokið eins árs viðbótarnámi við viðurkenndan tónlistarskóla og útskrifast með burtfararpróf og leikið á burtfararprófstónleikum.

Þá skal áréttað að bókun 4 gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á mati á viðbótarmenntun til viðbótarlaunaflokka skv. grein 1.3.3 fyrir þá félagsmenn FT sem við undirritun kjarasamnings raðast í starfsheitið Tónlistarskólakennari III.

FT vill bóka eftirfarandi:

Í framlengdum kjarasamningi aðila voru gerðar nauðsynlegar breytingar á gr. 1.3 um röðun í launaflokka svo tryggja mætti jafnræði í launaröðun tónlistarskólakennara óháð stéttarfélags aðild. Með þeim texta sem kemur nýr inn í grein 1.3.1, fyrir neðan starfsheitatöflu, auk þeirrar breytingar sem gerð er á skýringartexta við greinina og með bókun 4 um „röðun í starfsheiti vegna burtfararprófs“, er komist fyrir það ójafnræði sem af fyrri skýringartexta leiddi, sbr. niðurstöður í 1. og 2. dagskrárlið fundargerðar 75. samstarfsnefndarfundar samningsaðila.

Vinna við að ná framangreindum breytingum fram svo kjarasamningurinn stæði ekki jafnræðisreglu fyrir þrifum hefur staðið yfir frá hausti 2018 og er óhjákvæmilegt annað en að breytingarnar geti leitt til þess að einstaklingar eigi rétt á endurröðun á grundvelli nýs kjarasamnings og fordæma um launaröðun einstaklinga með sömu eða sambærilega menntun.

## 2. Önnur mál

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:25.